

Borgarbyggð
b/t Sigurður Friðgeir Friðgeirsson
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

Reykjavík 5.júlí2019
UST201906-147/A.B.
10.04.03

Efni: Lýsing - Deiliskipulag – Íþróttasvæði og Grunnskóli Borgarnes ásamt nærliggjandi götum Borgarnesi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Borgarbyggðar er barst 14. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir íþróttasvæðið í Borgarnesi og Grunnskóla Borgarnes ásamt nærliggjandi götum.

Í lýsingu kemur fram skipulagið nái til íþróttasvæðisins í Borgarnesi ásamt Þorsteinsgötu, Kjartansgötu, Skallagrímögötu og hluta Borgarbrautar, en svæðið sem er hér til umfjöllunar er nánast fullbyggt. Einnig kemur fram að gert verður ráð fyrir viðbyggingu við íþróttahúsið á fyllingu norðan við núverandi hús, skoða á hvort mögulegt sé að staðsetja nýjan leikskóla á svæðinu. Auk þess kemur fram að gert er ráð fyrir nýjum stígum og tengingum við núverandi stígakerfi og hluti af stígakerfinu er mögulega fylling undir stíg í smá vík við enda Kjartansgötu sem myndi tengjast við íþróttasvæðið.

Náttúruminjaskrá

Í greinargerð kemur fram Borgarvogur, vogurinn allur ásamt fjörum, er á náttúruminjaskrá, en þar eru leirur og fitjar með miklu fuglalífi.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fram komi áhrif tillögunnar séu á ásýnd svæðisins og hvortog eftir tilfellum hvernig tillagan hafi neikvæð áhrif á fuglalíf og verndargildi náttúruminjar, en að mati Umhverfisstofnunar er líklegt að tillagan hafi áhrif á leirurnar.

Leirur

Í tillögunni er gert ráð fyrir nýrri landfyllingu á leirunum norðaustan við íþróttahúsið. Umhverfisstofnun telur að leirurnar falli undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir

kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd kemur fram að með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal, leyfisveitandi með vísan til 5. mgr. 61. gr., að rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og geri grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Ylströnd


Í kynningu sem nefnist „Íþróttasvæði, Grunnskóli Borgarness og íbúðargötur í Borgarbyggð – Íbúðarfundur 04. júní 2019“ sem fylgir erindinu koma fram hugmyndir á uppbyggingu ylstrandar norðaustan við íþróttahúsið. Umhverfisstofnun bendir á að við uppbyggingu ylstrandar þarf að taka mið af reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrinni.

Ný landfylling

Ekki kemur fram í lýsingu hvaða efni verða notuð við gerð nýrrar landfyllingar eða hvernig staðið verður að gerð hennar. Skv. OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda, er óheimilt að varpa efni í hafið, en í 9. gr. laganna segir að Umhverfisstofnun geti veitt leyfi til að m.a. dýpkunarefnum og náttúrulegum, óvirkum efnum sé varpað í hafið að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar. Umhverfisstofnun bendir að dýpkunarefni getur verið mengað af þungmálum, þrávirkum lífrænum efnum eða öðrum mengandi efnum. Árið 2000 setti Hollustuvernd ríkisins (nú Umhverfisstofnun) fram leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis og voru þær uppfærðar af Umhverfisstofnun í desember 2016. Á heimasíðu Umhverfisstofnunar eru hinar leiðbeinandi reglur, sjá á vef stofnunarinnar.

Umhverfisskýrsla

Umhverfisstofnun bendir á að þegar áhrif tillögunnar á sjávarfitjar og leirur eru metin er mikilvægt að hafa 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd til viðmiðunar. Umhverfisstofnun bendir á að þegar áhrif tillögunnar á ásýnd og landslag eru metin er mikilvægt að hafa 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd til viðmiðunar, en þar segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“



Axel Benediktsson
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir
sérfræðingur